Sþ. **322. Fyrirspurnir.** [195. mál]

I. Til samgönguráðherra um Alþjóðasiglingamálastofnunina.

Frá Stefáni Jónssyni og Pétri Sigurðssyni.

a) Hverjar eru þær samþykktir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem Ísland hefur gerst aðili að?
b) Hverjar þessara samþykkta, sem Ísland er aðili að, eru komnar til framkvæmda hér á landi?

II. Til dómsmálaráðherra um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hefur nefnd, sem gera átti tillögur um hvernig réttindum fólks í óvígðri sambúð verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignar- og erfðaréttar, skilað álitsgerð og tillögum í samræmi við samþykkt þáltill. frá 17. febrúar 1981?
2. Ef svo er: a) Hverjar eru tillögur nefndarinnar? b) Má vænta þess, að tillögur um úrbætur til að tryggja betur réttindi og skyldur fólks í óvígðri sambúð verði lagðar fram á yfirstandandi Alþingi?